

Að mála vatnsbretti og lárétta steinfleti með teygjanlegri akrýlmálningu



sikkens

Val á efnum

Skynsamlegasti valkosturinn við málun á vatnsbrettum er ONE Super Tech akrýlmálning. Hún er teygjanleg, rakabétt og vatnsfráhrindandi, lokar fletinum og myndar þétta og fljótþornandi filmu. Annar valkostur er Murtex Acrylic.

Aðferð

Nýmálun

1. Steinsteypa þarf að vera a.m.k. 30 daga gömul, þurr og laus við sementsshúð, ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Sementshúð skal fjarlægja með steinslípun eða háþrýstipvotti. Látið þorna í nokkra daga eftir þvott.
2. Silanberið nýjan og ómálaðan stein með Murtex Waterproof eða Mur-Silan (monosilan). Látið silanið standa í a.m.k. 48 klst. fyrir málun. Silanið dregur úr hárpípusogi steypunnar á vatni og lengir endingu málningarinnar verulega.
3. Grunnið með 15% þynntum Alpha Primer Exterior grunni (hvítur). Ef flöturinn er duftsmitandi eða mjög gljúpur skal grunna með Microdispers grunni (glær).
4. Málið 2-3 umferðir með ONE Super Tech. Málið aðeins út á lóðréttan flöt til að mynda „hatt“, sem dregur úr möguleika vatns að skriða undir málningarfilmuna.
5. Þar sem þörf er á Alphacoat (kvarsfylltum og teygjanlegum fylligrunni) til að jafna áferð og ásýnd viðgerða skal einungis nota ONE Super Tech eða Murtex Acrylic sem yfirefni. Alphacoat hentar ekki með síloxan málningu.

Endurmálun

1. Tryggið að flöturinn sé þurr og laus við ryk, fitu, umferðarsót og önnur óhreinindi. Fjarlægjið óhreinindi með Málartvätt og lausa málningu með háþrýstipvotti.
2. Grunnið beran stein með Mur-Silan og síðan Alpha Primer Exterior grunni, þynntum 10% með vatni.
3. Þar sem þörf er á Alphacoat (kvartsfylltum og teygjanlegum fylligrunni) til að jafna áferð og ásýnd viðgerða skal einungis nota ONE Super Tech eða Murtex Acrylic sem yfirefni. Alphacoat hentar ekki með síloxan málningu.
4. Málið 2-3 umferðir með veggjamálningu, sbr. nýmálun að ofan.

***Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Yfirmálun:

Mur-Silan 48 klst

Alpha Primer Exterior 6 klst

Professional Microdispers 3-4 klst

Alphacoat 8-12 klst

ONE Super Tech 2 klst

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur. Notið ekki sömu verkfæri í Mur-Silan og í málninguna

Þekja:

Mur-Silan 4-5 m²/l

Alpha Primer Exterior 10-12 m²/l

Professional Microdispers 8-10 m²/l

Alphacoat 4-5 m²/l

ONE Super Tech 6-8 m²/l

Hreinsun: Vatn



SÉREFNI

Dalvegur 32b, 201 Kópavogur | sími 517 0404 | serefni.is